



## Stjórnarfundur Þekkingarsetursins á Blönduósi 14. apríl 2016 kl. 9:00.

Dagskrá:

1. Starfsemi frá síðasta stjórnarfundum
  - NTA ráðstefna í Noregi 30.3-3.4
  - Ný vefsíða
  - Verkefni Cat
    - Fræðigreinin í Marine Policy, kennsla á Ísafirði
    - Fundur með Ragnheiði Þors. á Akureyri 4. mars
    - Prjónagleði
    - Styrkir veittir til verkefna
      - Nordic-Baltic-Scholarship og ArtEnVaff
2. Starfsmannamál
  - Leyfi 2016
3. Fjármál
  - Reikningsstaða
4. Stefnumótun Þekkingarsetursins
  - Kynningarmál
  - Styrkssókn
  - Samstarf við Textílsetrið
5. Ársfundur Þekkingarsetursins 2016
6. Önnur mál
  - Háskólalest
  - Samstarf við skóla.

Arnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Mætt eru Katharina Schneider, Valgarður Hilmarsson, Berglind Björnsdóttir, Arnar Þór Sævarsson og Þóra Sverrisdóttir sem ritar fundargerð.

1. Katharina fór á ráðstefnu í Noregi, fyrir fólk sem starfar við textíllist á einhvern máta. Var það mjög gagnlegt og fróðlegt. Jóhanna Pálmadóttir komst ekki vegna nemenda frá Listaháskólanum sem voru í Kvennaskólanum á sama tíma.

Vefsíða Þekkingarsetursins hefur verið endurnýjuð af starfsmönnum. Lénið er [tsb.is](http://tsb.is) Cat birti fræðigreinin í Marine Policy nýlega sem er virt tímarit. Hún er að kenna viku námskeið við Háskólasetrið Vestfjarða nú á dögum og mun verja doktorsritgerð sína í apríl. Hún stefnir á að fara í fæðingarorlof um miðjan maí.

Fundað var með Ragnheiði Þorsteinsdóttur varðandi hugsanleg verkefni fyrir Þekkingarsetrið. Það er enn í skoðun.

Prjónagleði verður 10.-12. júní nk. á vegum Textílsetursins og er Þekkingarsetrið samstarfsaðili að þessu verkefni.

Þekkingarsetrið fékk 1,8 milljón kr. frá Kulturkontakt Nord vegna listanema í textíllistamiðstöð (Nordic Baltic Scholarship Program). Þekkingarsetrið sótti um fyrir hönd textíllistamiðstöðvar og Textílseturs Íslands.

Þekkingarsetrið var samstarfsaðili að umsókn að útgáfu tímarits. ArtEnVaff veitti styrk til

útgáfu eins tölublaðs. Þekkingarsetrið veitir aðstöðu m.a. til verkefnisins.

2. Cat fer í fæðingarorlof um miðjan maí og út árið. Dan tekur sitt fæðingarorlof vorið 2017. Það liggur fyrir að Dan mun þurfa 3ja mánaða leyfi 2016 eða 2017 vegna síns doktorsnáms.

3. Peningar sem eru á fjárlögum að tillögu norðvesturnefndar vegna sérverkefna eru ekki enn komnir. Verið er að ýta á það. Það liggur mikið á þar sem starfsmaður var ráðinn í febrúar vegna þessara verkefna og ekki var gert ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlun.

4. Rætt hefur verið um þörf á stefnumótun fyrir Þekkingarsetrið. Katharina er búin að setja niður punkta varðandi stefnumótun Þekkingarsetursins, kynningarmál ofl. Þekkingarsetrið hefur takmarkaðan aðgang að styrkjum þar sem það er á fjárlögum. Hins vegar getur það verið samstarfsaðili að styrkumsóknum. Stórir erlendir styrkir eru hins vegar mögulegir fyrir Þekkingarsetrið, einnig getur það sótt til Rannís. Setja þarf stefnu varðandi samstarf við Textílsetrið t.d. vegna auglýsinga/kynningarefnis í blöðum ofl. Arnar leggur áherslu á að komið verði á samstarfi fyrir sumarið svo hægt sé að kaupa passa sem aðgang að starfseminni í Kvennaskólanum og Heimilisiðnaðarsafninu.

5. Ársfundur Þekkingarsetursins er fyrirhugaður þriðjud. 24. maí kl. 15.

6. Háskólalestin er að koma í Blönduskóla 13. maí fyrir 6.-10.b. í A-Hún. og verða vinnustofur í boði fyrir nemendur.

Berglind ræddi um aðgengi fyrir listamenn í Blönduóskóla til að kynnast starfsemi og uppbyggingu menntunar, Katharina nefndi að það er einnig opið fyrir nemendur að koma í Þekkingarsetrið/listamiðstöðina.

Fleira ekki gert, fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fundi slitið.